

Nr. 116.

162

29. janúar 1980.

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 29. júní 1980.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1 500 kosningabærra manna, en mest 3 000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V. Skaftafellssýslu — Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1070 meðmælendur, en mest 2145.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu — Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 115 meðmælendur, en mest 230.

Úr Norðlendingafjórðungi (V. Húnavatnssýslu — S. Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 220 meðmælendur, en mest 440.

Úr Austfirðingafjórðungi (N. Þingeyjarsýslu — A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 95 meðmælendur, en mest 185.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 29. janúar 1980.

Benedikt Gröndal.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 117.

30. janúar 1980.

AUGLÝSING

um útgáfu nýrra peningaseðla og peninga, sleginna úr málmí, myntar, frá og með 1. janúar 1981.

Með setningu laga nr. 35 frá 29. maí 1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, var ákveðið, að hinn 1. janúar 1981 fari fram gjaldmiðilsbreyting með hundraðföldun á verðgildi krónunnar. Einn meginþáttur breytingarinnar eru gjaldmiðilsskipti. Nýir seðlar og mynt verða látin í umferð, samhliða því, að núgildandi seðlar og mynt verða innkölluð.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968 og laga um Seðlabanka Íslands nr. 10 frá 29. mars 1961 mun Seðlabankinn hinn 1. janúar 1981 gefa út eftirgreinda peningaseðla og mynt:

A. Peningaseðlar:

Myndefni hinna nýju seðla er af lærdóms- og afreksmönnum fyrri tíma, umhverfi þeirra og starfssviði. Á framhlið hvers seðils er andlitsmynd viðkomandi manns, en á bakhlið er myndefni, tengt lífsstarfi hans. Á framhlið seðlanna er verðgildi þeirra greint í bókstöfum, og á hvítum reit vinstra megin er tilvísun í lög Seðlabanka Íslands. Þar undir er undirskrift tveggja bankastjóra bankans og neðst „Seðlabanki Íslands“. Auk þess er númer hvers seðils skráð vinstra megin ofan til og hægra megin neðan til með einkennisbókstaf fyrir framan. Verðgildi í tölustöfum er tvítekið á báðum hliðum þeirra. Þeir eru 70 mm á hæð, en 5 mm lengdarmunur er á milli hinna mismunandi verðgilda, og er 10 kr. seðillinn stystur eða 130 mm. Sérstök upphleypt auðkenni eru á framhlið seðlanna (vinstra megin ofan til) fyrir blint fólk, sem tilgreind eru með verðgildum hér að neðan. Pappír er með öryggisþræði og vatnsmerki ber mynd af Jóni Sigurðssyni, forseta.

Önnur helstu einkenni hinna nýju seðla eru þessi:

Verðgildi	Aðallitur	Stærð í mm	Framhlið	Bakhlið
10 krónur	Blár	70x130	Arngrímur Jónsson lærði, 1568—1648. Forn útskurður í borða.	Baðstofustemming úr bók Gaimard, Voyage en Islande. Askur, straukefli o. fl.
50 krónur	Brúnn	70x135	Guðbrandur Þorláksson Hólabiskup, 1541—1627. Mynstur í borða frá titilssiðu bibliunnar.	Prentarar frá tíma Guðbrands. Prentletur úr eftirmála bibliunnar — Til Lesarans. Bókahnútur.
100 krónur	Grænn	70x140	Árni Magnússon, prófessor, 1663—1730. Mynstur í borða eftir skrauti í bókstafnum þ. (Árnasafn 350 fol.: Jónsbók, 14. öld.)	Munkur að skrifa handrit. Handrit (Árnasafn AM 22 fol.: Stjórn, 14. öld.).
500 krónur	Rauður	70x145	Jón Sigurðsson, forseti, 1811—1879. Borði frá fyrstu útgáfu 500 kr. seðils.	Jón Sigurðsson við skriftir. Munir úr safni Jóns. Latínuskólinn.

B. Mynt:

Á framhlið hinnar nýju myntar eru myndir af sjávardýrum ásamt verðgildi í tölustöfum. Á bakhlið eru landvættirnar, verðgildi í bókstöfum, „Ísland“ og útgáfuár.

Aðaleinkenni hinnar nýju myntar eru nánar tiltekið eftirfarandi:

Verðgildi	Framhlið	Bakhlið	Þvermál	Þyngd	Málmur	Rönd
5 aurar	Skata	Gammur	15.0 mm	1.5 g	Brons	Slétt
10 aurar	Smokkfiskur (kolkrabbi)	Griðungur	17.0 —	2.0 —	Brons	Slétt
50 aurar	Rækja	Dreki	19.5 —	3.0 —	Brons	Slétt
1 króna	Þorskur	Bergrisi	21.5 —	4.5 —	Kopar/nikkel	Riffluð
5 krónur	Höfrungar	Landvættirnar saman	24.5 —	6.5 —	Kopar/nikkel	Riffluð

Eins og áður kemur fram, hefjast gjaldmiðilsskipti um næstu áramót. Hinir nýju seðlar og mynt skv. ofanskráðu fara þá í umferð, en hinir gömlu seðlar og mynt (núgildandi gjaldmiðill) verða í umferð sem löglegur gjaldmiðill á verði, sem nemur 1/100 af skráðu verðgildi hans, fram til júniloka 1981 og innleysanlegur í Seðlabankanum þar á eftir til ársloka 1982.

Hinn nýi og gamli gjaldmiðill (seðlar og mynt) svara hvor til annars þannig:

Nýjar krónur frá 1/1 1981 (Nýkr.)	Gamlar krónur (Gkr.)
500 kr. seðill	(jafngildir 50 000 kr.)
100 kr. seðill	(jafngildir 10 000 kr.)
50 kr. seðill	5000 kr. seðill
10 kr. seðill	1000 kr. seðill
5 kr. mynt	500 kr. seðill
1 kr. mynt	100 kr. seðill
50 aura mynt	50 kr. mynt
10 aura mynt	10 kr. mynt
5 aura mynt	5 kr. mynt

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 30. janúar 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Dórhallur Ásgeirsson.

ERINDISBRÉF

héraðslækna.

1. gr.

Ráðherra skipar í hverju læknishéraði einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn, í Reykjavík borgarlækni.

2. gr.

Héraðslæknir er formaður heilbrigðismálaráðs héraðsins sbr. lög nr. 57/1978. Um laun héraðslækna fer eftir launasamningum fjármálaráðuneytisins og L. Í. á hverjum tíma.

3. gr.

Héraðslæknir er sérstakur ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvað eina sem við kemur heilbrigðismálum héraðsins, hefur eftirlit með þeim og skal fyrir hönd ráðuneytis fylgjast með rekstri heilbrigðisstofnana í héraði sínu. Hann skal fylgjast með því, að lögum, reglum og fyrirráðum um heilbrigðismál sé framfylgt.

4. gr.

Héraðslæknir hefur í umboði landlæknis eftirlit með störfum og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta í héraðinu. Héraðslæknir sinnir kvörtunum eða kærnum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta, og framsendir slíkt mál til landlæknis telji hann það nauðsynlegt.

Héraðslæknir skipuleggur samvinnu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.